

Nettímarit

Troðningur

39 tbl. Janúar 2014 - ISSN 1670-8776

Útgefandi: Guðmundur R Lúðvíksson, myndlistamaður

Menning & List

Forsíðumynd / Frontpage picture
GRL



Meðal efnis;

*THE MOST IMPORTANT ARTISTS OF 2013

*LEIKUR NÁTTÚRUNNAR

*HVAÐ ER FULLVELDI ...

*AMAZING ICELAND

*ER TIL ÍSLENSK HJÁTRÚ UM NORDURLJÓS?

*DÝRASTA MYNDLISTARVERK Í HEIMINUM.

*ÞJÓÐSÖGUR

*VISSIR ÞÚ AÐ...

*LIST Á HÓTELUM

ICELANDIC
ART MAGAZINE

Troðningur skoðaði hvaða listamenn eru taldir skara fram úr eða hafa mest áhrif á árinu 2013. Það skemtilega við þennan lista er að Troðningur hefur í gegnum árin fjallað um marga sem hér koma við sögu löngu áður en þessi listi kemur fram.

Hér er listi sem netsíðan Complex setti fram og athygli vekur að Ragnar Kjartansson er þar á

blaði nr. 16 yfir þá 25 listamenn sem hér er getið.

Hér eru birtar myndir frá 10 efstu á listanum.

Svona listi er auðvitað ekkert annað en sýn ákveðinna aðila og ekkert heilagt í þessum listheimi. En samt er hann auðvitað til marks um að hér eru frábærir nútímalistamenn sem eiga allt gott skilið og eru athyglinnar virði.

List of 'The Most Important Artists of 2013'.

1. Number 1 is the world famous street artist Banksy. As Complex said right, "Love him or hate him, Banksy owned this year and changed the dialogue about art and history forever." True that.

The rest of the list includes:

2. Chris Burden
3. Paul McCarthy
4. Random International
5. Daniel Arsham

6. Number 6 is our own Jeff Koons. Koons set a new World Auction Record For A Living Artist this year, and he held solo exhibitions at David Zwirner and Gagosian Gallery.

7. Number 7 is one of our favorites as well, the feminist performance artist Marina Abramovic. Firstly, Abramovic appeared in Jay-Z's music video 'Picasso Baby'. Also, Marina created a film of Lady Gaga practicing 'The Abramovic Method'. Last but not least, Marina reached her \$600,000 to found the Marina Abramovic Institute (MAI).

8. Number 8 is French artist JR, who also had a solo exhibition at Unseen 2013, Inside Out. His black and white portraits of civilians conquered the world in 2013.

9. KAWS

10. Number 10 is our favorite duo in the world: the Dutch partners in crime, photographers Inez van Lamsweerde and Vinoodh Matadin. They had an exhibition at Gagosian Gallery in Paris. They have worked together with Lady Gaga, photographing her naked for V Magazine and directed her 'An Artpop Film'.

11. Yayoi Kusama, one of Famous' favorite artists is number 11. Kusama has had a solo exhibition at David Zwirner Gallery, 'I Who Have Arrived At Heaven'. The exhibition took over the gallery space's three showrooms with large-scale installations made up of twinkling lights and psychedelic paintings. Also, Kusama designed the whole set and costume for a shoot with George Clooney for W Magazine 'The Art Issue'.

12. Robert Wilson
13. Ai WeiWei
14. FAILE

15. Number 15 is one of Famous favorite artists as well, James Turrell. This year, he transformed the Guggenheim's rotunda with his amazing light installation. At the same time, he was taking over four other museums in America.

16. Ragnar Kjartansson
17. Wes Lang
18. Laure Prouvost
19. Ryan McNamara
20. Oscar Murillo
21. Robert Indiana
22. Francis Bacon
23. James Franco
24. Molly Soda
25. David Hockney


Fengið af síðunni:

<http://www.famousartblog.com/the-most-important-artists-of-2013/>

1. Banksy





2. Chris Burden




3. Paul McCarthy



4. Random International




5. Daniel Arsham




6. Jeff Koons



7. Marina Abramovic




8. JR



9. KAWS



10. Inez van Lamsweerde and Vinoodh Matadin




Leikur náttúrunnar



Segja má að náttúruöflin sjálf hafi yfir að ráða undurmögnuðum sköpunargáfum, sem okkur mönnunum hættir til að setja í samhengi við tilviljanir. Sum verk náttúrunnar eru svo undarlega og áhrifamikil að maður getur ekki annað en fundið fyrir smæð sinni í þessari veröld.





Amazing Iceland



Amazing Iceland



Amazing Iceland



Amazing Iceland



Er til íslensk hjátrú um norðurljós?

Ekki er mikið um íslenska hjátrú sem tengist norðurljósum.


Þó eru einstaka dæmi um slíkt.

Sagt er að mikil hreyfing norðurljósa og litbrigði viti á hvas sviðri en liggja þau kyrr sé von á stillum.

Einnig telja sumir að þegar norðurljós sjáist seint á vetri sé enn að vænta snjókomu.

Rauð norðurljós eru ófriðarboði.

Horfi ólétt kona á norðurljós eða blikandi stjörnur mun barnið sem hún ber undir beltinu tina, það er hafa tinandi augu, eða verða rangeygt.



Dýrasta myndlistarverk í heiminum.

Samkvæmt lista á Wikipedia yfir dýrustu myndlistaverk í heiminum trónir verkið "The Card Players" eftir Paul Cézanne efst á listanum. En það verk var selt í einkasafn fyrir 269,4 milljónir USA dollara, sem í dag er um 3.159.000.000.- kr. Þrjúúsund eitthundrað fimmtíu og níu milljónir.

Hvað er fullveldi og hvaða áhrif hefur Evrópusambandið

Hvað er fullveldi og hvaða áhrif hefur Evrópusambandið á fullveldi Evrópuþjóða?

Sólveig Lóa Magnúsdóttir

Togstreita Íslands við að ganga að fullu í Evrópusamrunann stafar að einhverju leyti af því að frá því að Ísland fékk fullveldi árið 1918 hefur óttinn við að glata því verið áberandi í íslenskri stjórnmálaumræðu. Þessi ótti stafar sennilega af óvissunni um hvað fullveldi þjóða merki í raun og veru, því ef það er á huldu er erfitt að meta hvenær það hefur í raun og veru glatast í hendur annarra, að öllu leyti eða hluta til (1). Því er ekki úr vegi að líta á það hvað hugtakið fullveldi þýðir og hvernig Evrópusambandið þróaðist. Að síðustu verður fjallað um öryggis- og varnarmál Evrópuríkja og hvernig fullveldi aðildarríkja hefur áhrif á þau.

Hvað er fullveldi?

Forsenda fullveldishugtaksins er sú hugmynd að til sé endanlegt vald á ákveðnu landsvæði, svo sem tilteknu ríki. Þetta vald er yfirleitt í höndum konungsvalds, einræðisherra eða stjórnvalda. Þetta hefur verið viðtekin hugmyndafræði í aldaraddir og er í dag grundvöllur alþjóðalaga. Fullveldishugtakið felur svo í sér að ekkert annað vald sé þessu valdi æðra, hvorki innan þess landsvæðis né utan þess. Önnur ríki hafa því ekki íhlutunarrétt um málefni fullvalda ríkis. Til að teljast fullvalda ríki er viðurkenning annarra fullvalda ríkja nauðsynleg (2).

Mikill vöxtur alþjóðasamskipta á tuttugustu öld hefur stuðlað að því að krafist er sífellt vandasamari stefnumótun ríkja. Einstaklingar, fyrirtæki, félagasamtök og opinberir aðilar eiga samskipti í vaxandi mæli þvert á landamæri þjóðríkisins og því er svo komið að opinberar ákvarðanir mótast í vaxandi mæli utan landamæra ríkjanna. Í dag liggur því ríkisvaldið að hluta til hjá alþjóðlegum stofnunum og ríkin ekki einir handhafar þess lengur (3).

Algengt er að því sé haldið fram að framtíð bæði lýðræðis og fullveldis ríkja sé óráðin vegna þeirra breytinga sem hafa orðið með aukinni hnattvæðingu og samvinnu ríkja þvert á landamæri. Segja mætti að hugtakið fullveldi sé í dag orðið kenningarlegs eðlis

frekar heldur en að eiga sér trausta stoð í veruleikanum. Það hefur jafnvel verið talið að fullveldi þjóðríkja sé orðið úrelt fyrirbæri. Ekki eru þó allir á einu máli um það, sumir kennismiðir telja að fullveldið hafi ekki liðið undir lok heldur hafi einfaldlega tekið á sig nýtt form til þess að aðlaga sig að núverandi aðstæðum. Þá er horft sérstaklega til ríkjabandalags eins og Evrópusambandsins.

Hugtakið “fullveldi” hefur því breyst með þátttöku ríkja í alþjóðastofnunum, ríkjasamtökum og svæðasamtökum með sérstaka virkni eins og NATO og Evrópusambandið. Þegar ríki gerast aðilar að slíkum samningum vakna þær spurningar upp hvernig og hvort fullveldið nái að halda velli. Hið lagalega fullveldishugtak hefur að sjálfsögðu þróast þannig að það tekur tillit til sívaxandi samvinnu þjóða á milli, þannig að ríki sem taka þátt í Evrópusamvinnu af einhverju tagi teljast fullvalda ríki. Þau gangast sjálfviljug undir sameiginlegt vald eftir að hafa metið aðstæður svo að ávinningurinn sé meiri en fórnirnar. Hið lagalega fullveldishugtak útilokar þó ekki að í reynd geti ríki verið mjög veik og ósjálfstæð, bæði að innviðum og gagnvart öðrum ríkjum (4).

Ástæðan fyrir aukinni Evrópusamvinnu er að hluta til vegna bættrar samgöngu- og fjarskiptatækni. Fleira kemur þó til. Í fyrsta lagi býður frelsi í alþjóðaviðskiptum upp á hagkvæmni í framleiðslu og þjónustustarfsemi sem ekki er hægt að ná innan þjóðríkjanna, sérstaklega ekki í smærri ríkjum. Í öðru lagi svarar fjölbreyttara framboð aukinni eftirspurn fólks eftir fjölbreytni og tilbreytingu. Í þriðja lagi sýnir reynsla tuttugustu aldarinnar ótvírætt að friður er best tryggður í samvinnu þjóða og ríkja.

Vissulega er augljóst að samvinna hefur ótvíræða kosti í för með sér meðal annars vegna þess að hún eykur oft traust á milli þjóða og ríkja. Hins vegar byggja samskipti ríkja á fornum grunni sem lengi á eftir að ráða eðli þeirra (5).

SAGA EVRÓPUBANDALAGSINS

Upphaf Evrópusamstarfs má rekja aftur til ársins 1952 þegar sex Evrópuríki undirrituðu samning í þeim tilgangi að gera aðildarlöndin að einum markaði fyrir

kol, járn og stál og koma á sameiginlegri yfirumsjón í þessum mikilvægu atvinnugreinum. Hér var um að ræða nýja gerð alþjóðastofnunar, stofnun sem fenginn var skerfur af hinu hefðbundna ríkisvaldi í aðildarlöndunum, svonefnda yfirþjóðlega stofnun. Í því fólst að stofnuninni var falið ákvörðunarvald innan marka sinna sem hin einstöku aðildarríki gátu ekki hnekk. Tvö önnur bandalög Evrópuríkja urðu einnig til á svipuðum tíma, Efnahagsbandalag Evrópu (EBE) og Kjarnorkubandalag Evrópu (KBE).

Efnahagsbandalagið hafði langmest áhrif á gang mála innan álfunnar, aðildarríkin náðu miklum framförum með tollabandalagi, fríverslun með vörur sín á milli og aukins frelsi í flutningum fólks, fjármagns og þjónustu milli landa. Eitt af markmiðum Kola- og stálbandalagsins (KSE) ásamt Kjarnorkubandalaginu (KBE) var að tryggja frið og pólitískan stöðugleika. Því má segja að öryggismál hafi skipað stóran sess í Evrópusamrunanum frá upphafi (4).

Árið 1987 tóku Einingarlögin gildi. Með Einingarlögunum var byrjað að stefna markvisst að stofnun “Evrópubandalags”, ýmsum málaflökkum á borð við umhverfismál, rannsóknarmál og félagsmál var bætt við auk þess að samstarf þjóðarleiðtoga ESB-ríkjanna var auðveldað með stofnun Evrópska ráðsins (European Council). Þá var ákveðið að ríki þyrftu að ráðfæra sig hvert við annað áður en þau myndu taka afstöðu sem dregið gæti úr samstöðumætti ESB út á við (4).

Maastricht-sáttmálinn árið 1992 var einskonar viðbót við Einingarlögin. Þar varð Evrópubandalagið í raun í fyrsta skiptið að Evrópusambandinu sem við þekkjum í dag. Evrópuþingið fékk enn meira hlutverk við lagasetningu og lagður var grunnur að stofnun evrópsks seðlabanka, sameiginlegum gjaldmiðli, evrunni og hagkerfi (6).

Með Maastricht-sáttmálanum má segja að Evrópusambandið hafi byrjað að feta sig út fyrir hreina efnahagsvinnu og inn á pólitískt og félagslegt samstarf (7). Hið þriggja stoða kerfi sem sambandið hvílir á leit dagsins ljós. Fyrsta stoðin er mikilvægust og hefur að geyma samninga um Evrópubandalögin. Í sáttmálanum er áhersla lögð

á vísinda-, mennta- og æskulýðsmál, heilsuvernd, neytendavernd, og umhverfisvernd. Önnur og þriðja stoðin fjalla um ný samstarfssvið; annars vegar um utanríkis- og öryggismálastefnu og hins vegar um samstarf á sviði innanríkis- og dómsmála. Í sáttmálanum er kveðið á um að Evrópusambandið láti meira til sín taka á alþjóðavettvangi með sameiginlegri utanríkis- og varnarstefnu.

Sáttmálarnir frá Amsterdam árið 1997 og Nice árið 2000 byggja á grunni Maastricht-samkomulagsins og er hægt að líta á þá sem viðbætur við hann eða uppfærslu á mikilvægustu málefnasviðunum. Í Amsterdam hittust leiðtogar Evrópusambandsins og sömdu þar um nýjan sáttmála sem fól í sér aðgerðir til að liðka fyrir peningamálastefnunni og upptöku evrunnar í flestum aðildarríkjum. Með sáttmálanum voru jafnframt stigin skref til aukinnar skilvirkni og samhæfingu í ákvarðanatöku aðildarríkja og aukinna réttinda íbúa aðildarríkja.

Þungamiðjan í Nice-sáttmálanum var að liðka fyrir stækkun ESB til ríkjanna í Mið- og Austur-Evrópu með því að semja um bráðnausynlegar umbætur á stofnunum sambandsins með hliðsjón af fjölgun aðildarríkja. Einnig viðurkenndi ríkjaráðstefnan nýja réttindaskrá, sem kveður á um borgaraleg réttindi fyrir alla borgara Evrópusambandslanda (7).

Með Lissabon-sáttmálanum sem gerður var árið 2007 voru vonir bundnar við að ná fram ákveðnum breytingum í samskiptum við þriðju ríki ESB. Nokkur styr stóð um sáttmálann meðal aðildarríkja og ekki voru öll ríki tilbúin að samþykkja hann. Eftir nokkrar breytingar fengust loks allar þjóðir til að samþykkja, Tékkland síðast af öllum í lok árs 2009.

Miklar breytingar hafa því orðið síðan Kola- og stálbandalagið var stofnað árið 1952. Breytingarnar hafa ekki aðeins falið í sér stækkun heldur líka aukið pólitískt samstarf. Til að mæta þessum breytingum er ESB nú að þróa sameiginlega utanríkis- og öryggisstefnu. Ríkin hafa ekki verið sammála í afstöðu sinni til þróunar þessarar stefnu. Öll hafa þau ólíkar öryggis- og varnarmálastefnur. Öll vilja þau styrkja þær stofnanir og leiðir sem gera þeim mögulegt að

koma fram sameinuð á alþjóðavettvangi þegar kemur að utanríkis- og öryggismálum. Á sama tíma er þeim mjög erfitt að deila ákvörðunarrétti sínum varðandi utanríkisstefnuna (8). Þetta er því vandasamt og tímafrekt verkefni.

FULLVELDI OG -ÖRYGGIS- OG VARNARMÁL ESB

Eftir að hafa farið yfir samstarfssvið ESB er ljóst að aðild ríkja að sambandinu hefur töluverð áhrif á ákvarðanatöku stjórnvalda ríkjanna og þar með fullveldi þeirra. Ríkin hafa því þurft að laga sig að þeirri staðreynd að endurskilgreining á fullveldishugtakinu er nauðsynleg. Upphaflega hugmyndin um fullveldið gerir ekki ráð fyrir framsali valds og samstarfi ríkja undir hatti yfirþjóðlegra stofnana. Talið er víst að hugmyndir um fullveldið muni að minnsta kosti breytast í grundvallaratriðum á næstu áratugum (1).

Samt hafa ríkin í ESB ekki fært fullveldi sitt í hermálum eða rétt til notkunar og beitingu hervalds á eigin vegum yfir til ESB. Hér er ennþá tákni um fullveldi ríkja og þannig getur ríki varið sín landamæri og sína hagsmuni án utanaðkomandi afskipta ef því finnst þess þörf.

Þegar þessar gömlu skilgreiningar á fullveldi eru skoðaðar eru það ekki þær skilgreiningar sem fólk í dag lítur til þegar ræða á um fullveldi. Hnattvæðingin hefur einfaldlega krafist þess að þjóðríkin deili með sér fullveldi sínu, bæði sín á milli og með alþjóðastofnunum. ESB var á sínum tíma bara tollabandalag en hefur tekið yfir æ fleiri verkefni aðildarríkjanna sem voru einu sinni í höndum hins fullvalda þjóðríkis. En þó má sjá að fullveldið varð strax vandamál í því að þróa stefnu um öryggis- og varnarmál.

Þrátt fyrir það að illa hafi gengið að ná sameiginlegri öryggis- og varnarmálstefnu hafa ríki ESB mótað varnamálstefnu sína utan sáttmála sambandsins sem segir okkur hversu mikilvægur málaflókkurinn er og hversu mikil áhrif hann hefur á hugmyndir ríkjanna um eigið fullveldi og samskipti við önnur ríki. Með umfjölluninni hér að ofan má sjá að ríki eiga

erfitt með að losa beislið á fullveldinu, eða hugmynd sinni um fullveldi ríkisins. Fullveldishugtakið mun hins vegar halda áfram að þróast í nánustu framtíð og þá er einnig von um að það gangi betur að koma á sameiginlegri öryggis- og varnarmálstefnu innan Evrópusambandsins.

Heimildir

1. Guðmundur Hálfðánarson. (2007). Glatast fullveldið við inngöngu í Evrópusambandið? Í Silja Bára Ómarsdóttir (ritstj.), Ný staða Íslands í Utanríkismálum: tengsl við önnur Evrópulönd. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
2. Gunnar Helgi Kristinnsson. (2006). Íslenska Stjórnkerfið. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
3. Scholte, Jan, Aart. (2005). Globalization: A critical introduction (2. útgáfa). New York: Palgrave Macmillian.
4. Dinan, Desmond. (2005). Ever Closer union: an introduction to European integration. London: Macmillian.
5. Stefanía Óskarsdóttir. (2002). Þjóðríkið, lýðræði og fullveldi á tímum alþjóðavæðingar. Íslenska eiðin, 2(1), 31-39.
6. Nugent, Nell. (2006). The government and politics of the European Union. New York: Palgrave Macmillian.
7. Eiríkur Bergmann Einarsson. (2003). Evrópusamruninn og Ísland: leiðarvísir um samrunaþróun Evrópu og stöðu Íslands í evrópsku samstarfi. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
8. Smith, K. E. (2008). European Union Foreign Policy in a Changing World. Cambridge, UK: Polity Press.

Vissir þú að...

Það er áhugavert að skoða hvernig hótél skreyta herbergi, veitingasali ofl. með list eða listaverkum. Sennilega eiga flestir það sameiginlegt að hafa einhvertíman eytt stundum á hótélum á ferðum sínum. Sum hótél leggja mikinn metnað í verk og skreytingar, en sjaldan er um að ræða “orginala” eða dýr verk inni á sjálfum herbergjunum.



*... að á tólf mánaða tímabili frá mars 2010 til mars 2011 er talið að dreift hafi verið hátt í 900 þúsund tónlistardiskum á Íslandi (872.000) en það var aðeins greitt fyrir tæplega helming þeirra

*... að fyrir hvert tonn af endurunnum pappír sparar um 17 tré.

*... að endurvinnsla áls þarfnast einungis 5% þeirrar orku sem þarf við frumvinnslu áls.

*... UNICEF eru stærstu barnahjálparsamtök í heimi og sem slík leggjum við áherslu á að ná til allra barna.

*Að meðaltali er fólk hræddara við köngulær en dauðan.

*... Í dag eru 250.000 börn þvinguð til vopnaðra átaka. UNICEF beitir áhrifum sínum til að frelsa börn undan vopnuðum átökum og aðlaga þau samfélaginu að nýju.

*Fílar eru einu dýrin sem geta ekki hoppað.

*... Evrópusambandið er ekki með þjóðsöng, enda er ESB ekki ríki heldur ríkjasamband. Aftur á móti ákvað ESB árið 1985 að taka upp einkennislag Evrópuráðsins, sem er alls óskýlt Evrópusambandinu.

*... Karlmenn eru líklegastir til að segja ósatt um aldur, hæð og innkomu.

*... Talið er að um 17% skilnaða sé vegna framhjáhalds.

*... Konur segja um 7000 orð á dag á meðan karlmenn segja um 2000 orð.

*... þú getur sett egg í örbylgjuofninn?

*... Húsin hafa stækkað, fjöldi bíla hefur fimmfaldast og við drekkum mun meira áfengi.



UPP KOMA SVIK UM SÍÐIR

Einu sinni var tekin gröf í kirkjugarði á prestssetri nokkru; kom þar upp með öðrum grefti hauskúpa ein, og stóð bandþrjónn gengum hana. Prestur geymdi hauskúpuna, þangað til messað var næsta helgan dag á eftir. Beið hann þess, að allt fólk var komið í kirkju, og festi hann þá hauskúpuna upp yfir

kirkjudyrum. Eftir embætti gekk prestur fyrstur út með meðhjálpurunum og hugði að þeim, sem út gengu. Þeir urðu einskis varir og gættu þá að, hvort nokkur væri eftir inni; en þar var kerling ein gömul mjög, sem bograði að hurðarbaki, og varð að neyða hana til útgöngu. Drupu þá þrír blóðdropar af kúpunni niður á faldtraf kerlingar. Hún mælti þá: “Upp koma svik um síðir.” Gekkst hún þá við því, að hún hefði ráðið fyrri manni sínum bana með því að reka þrjón gegnum höfuð hans. Var hún þá ung og hafði átt hann nauðug og samfarir þeirra verið skammar. Konan bjó sjálf um líkið, og höfðu ekki aðrir hugað að því. Síðan hafði hún gengið að eiga annan mann, en hann var þá og dauður. Það er mælt, að kerlingu þessari væri drekkt, eins og gjört var mæðrum, er fyrirföru börnum sínum.

SAGAN AF KERLINGUNNI FJÓRDREPNU

Einu sinni voru hjón sem áttu þrjá syni. Hét einn þeirra Loftur, annar Björn, en um nafn hins þriðja er ekki getið. Þegar þessi saga gerðist var faðir þeirra bræðra dáinn en Loftur hafði kvænst og tekið við öllum búsföráðum, því bræður hans voru lausamenn en viðloða hjá honum og græddu fé. Móðir þeirra var og komin í hornið til Lofts.

Ekki var húsfreyju Lofts grunlaust um að tengdamóðir sín mundi ófrægja sig og spilla fyrir sér við mann sinn enda sat Loftur löngum á eintali við móður sína, framan á rúminu hjá henni. Einn dag þegar þeir bræður voru rónir til fiskjar, því þeir voru

sjómenn og aflamenn miklir, hugðist konan að reyna trúskap tengdamóður sinnar og segir henni að maður sé kominn sem hafi flesk að selja en sig langi til að kaupa dálítið af því.

Kerling segir að hún skuli gera það. Hún viti hvort sem sé að hann Loftur beri hana ekki ofurráða um neitt. Konan segist vita það með vísu en maðurinn heimti það fyrir fleskið sem hún megi ekki veita honum þar sem hún sé gift kona.

“Ó, vertu ekki að því arna, heillin mín,” segir kerling, “annað eins brallaði ég í gamla daga og varð ekki óglatt af.”

Konan lést þá fara að hennar dæmum og kaupir fleskið en fyrir allt annað en það sem hún hafði á orði við kerlingu.

Nú líður og bíður þangað til bræður koma að og heim um kvöldið og fór Loftur á tal við móður sína og situr framan á hjá henni. Húsfreyja fann það að kerlingu var annt um að fá tóm til að tala við Loft, fór hún því ofan en kom jafnan fyrr aftur en kerling kæmi því upp er niðri fyrir var. Kerlingu féll þetta illa og lét son sinn skilja á sér dylgjur með því að raula þetta fyrir munni sér:

Eitt orð býr í barka mér
og annað fyrir neðan,
þriðja býr í lungum mér
og það dregur sleðann.
Og enn þetta:

Ef sumir vissu um suma
það sem sumir gera við suma
þegar sumir eru frá,
þá væru ekki sumir við suma
eins og sumir eru við suma
þegar sumir eru hjá.

En meira gat kerling ekki komist í leik með að segja syni sínum um kvöldið. Morguninn eftir róa þeir bræður eins og þeir voru vanir. Um daginn kemur húsfreyja að máli við kerlingu og segir að sig langi ósköp til að leika sér.

Kerling segir: “Gerðu það, góðin mín. En hvaða leikur er það sem þig langar mest í?”

Húsfreyja segir að það sé að róla sér.

Kerling segir að við þann leik hafi hún best skemmt sér á fyrri dögum og skuli hún gera það sér til ánægju fyrst hún hafi gaman af því.

Húsfreyja spyr hana hvort hún mundi nú ekki treysta sér til að komast ofan með sinni hjálp og sjá hvernig hún fari að róla sér fyrst henni hafi þótt svo mikið gaman í þessum leik til forna.

Kerling heldur það og staulast ofan og fram í skála sem var í bænum, með tilstyrk tengdadóttur sinnar.

Nú fer húsfreyja að róla sér um stund og þykir kerlingu hið mesta gaman að horfa á. Síðan fer konan úr rólunni og spyr nú tengdamóður sína hvort hún mundi ekki hafa gaman af að setjast í róluna en hún skuli bæði styðja hana að rólunni og róla henni.

Kerlingin aftetur það ekki að sér kynni að þykja gaman að því. Fer hún svo með tilhjálp tengdadóttur sinnar upp í róluna og styður hún við hana um stund. En þegar minnst vonum varir hrindir húsfreyja rólunni af stað og sleppir kerlingu svo hún kastast langt til úr rólunni og lendir með höfuðið á stórum steini við skálaþröskuldinn og hálsbrotnar þar.

Húsfreyja tekur hana þaðan steindauða, ber hana inn í rúm og breiðir kirfilega ofan á hana og lætur svo allt vera kyrrt þangað til þeir bræður koma heim um kvöldið. Þá spyr Loftur hvað að móður sinni sé, hún hafi ekki tekið undir við sig þegar hann heilsaði henni. Húsfreyja segir að hún muni þá hafa sofnað því henni hafi orðið flökurt í dag. Síðan ber ekki neitt á neinu.

Morguninn eftir róa þeir bræður en húsfreyja tekur lík tengdamóður sinnar, skautar því og hressir upp á kerlingu eins og hún var vön, fer með hana út í skemmu sem Loftur átti og lýkur þar upp stórri kistu sem hann geymdi í tóbak og brennivín. Þar lætur hún kerlingu krjúpa fyrir framan kistuna, hafa höfuðið undir kistulokinu og halda með annarri hendi á tóbaksruttu, sem hún rakti upp, en á hníf í annarri hendinni eins og hún ætli að skera af tóbakinu og stela því. Hún lætur svo skemmuna standa í hálfu gátt þegar Loftur kemur heim um kvöldið í hálförökrinu.

Honum verður heldur felmt við að koma að skemmuni opinni því hann hafði sjálfur mesta

umgöngu um hana. Hann fer þó inn og verður ekki betra við þegar hann sér að maurakistan er opin og kvenmaður krýpur við hana og er að stela tóbaki. Hann ræður sér því ekki fyrir bræði, grípur stóra sveðju sem hann átti í skemmuni og rekur þennan vogest í gegn.

Kerling dettur út af við lagið og þekkir hann þar móður sína. Lofti varð ósköp illt við eins og nærri má geta, að hann hafi orðið banamaður móður sinnar en ræður það samt af að segja konu sinni óhapp sitt.

Húsfreyja lét illa yfir verkinu en sagðist þó mundu leitast við að dylja það og kemur líkinu, svo hinir bræðurnir vissu ekki af, inn í rúm kerlingar.

Daginn eftir, meðan þeir bræður eru á sjó, tekur húsfreyja kerlinguna og fer með hana ofan í stóran hjall sem Björn átti einn fyrir sig og geymdi í bæði skreið og hákarl. Þar hressir húsfreyja upp á kerlingu og skautar henni og lætur hana standa á hnjánum og halda með annarri hendinni um hákarlslykkjur en á hníf í hinni.


Um kvöldið þegar þeir bræður komu að og eru búnir að gera að hjá sér fer Björn með eitthvað inn í hjall. Sér hann þá hvar kona með skaut er að stela hákarli úr hjallinum. Hann grípur þar sleddu stóra og rekur hana í gegn en þekkir að þetta er móðir sín í því hún rýkur út af.

Honum varð fjarska illt við að hafa drepið móður sína, finnur þó mágkonu sína og biður hana í öllum bænum að leyna með sér þessu ódæði sem sig hafi hent. Húsfreyja lætur illa yfir þessu en segist þó muni dylja það sem sér sé auðið.

Daginn eftir róa þeir bræður enn á sjó en húsfreyja tekur lík kerlingar og fer með það til næsta bæjar. Svo stóð á að þar bjó sýslumaður. Mikil vinátta hafði verið með þeim sýslumanni og foreldrum þeirra bræðra og eins leit út fyrir að mundi verða með sýslumanni og Lofti bónda.


Sýslumaður átti hrút sem honum þótti undur vænt um og lét tjóðra hann þar sem best var í túninu og vitjaði hans oft á dag að gamni sínu. Nú bar svo vel í veiði að húsfreyja Lofts kemur líki kerlingar þangað sem hrúturinn er tjóðraður án þess nokkur yrði þess var, skautar kerlingu þar og hreyfir upp á henni. Síðan tekur hún hrútinn og drepur hann og lætur kerlingu grúfa

Í gegnum gler og hæðir... / Verk eftir Guðmund R Lúðvíksson



Á Reykjanesi er fjöldin af grunnum sem varnarlið Bandaríska skildi eftir sig.
Hér eru þeir notaðir undir hugmyndir að verkum úr gleri.

(Skissur að verkum; Guðmundur R Lúðvíksson)




yfir honum eins og hún sé að gera hann til, fer síðan sjálf burtu svo að enginn sér til ferða hennar.

Þegar sýslumaður kemur á fætur um morguninn verður honum það fyrst fyrir að vitja um hrússa sinn. Sér hann þá hvar kerling situr og sýnist honum hún vera að gera hrússa til. Hann reiðist þessum tiltektum kerlingar, dregur sverð sem hann bar við hlið, sem þá var síður, og rekur kerlinguna í gegn. En þegar kerling valt út af þekkir hann að þar er vinkona hans gamla.

Honum féll þetta frámunalega illa að sig skyldi hafa hent sú hrösun að reiðast svo að hann hefði orðið mannsbani fyrir jafnlitla sök og það þessarar konu. Hann sendi því eftir tengdadóttur hennar, því þeir bræður voru á sjó, sagði henni upp alla sögu og bað hana í öllum bænum að hafa einhver ráð að koma kerlingunni í jörðina svo að sér yrði ekki kennt um kvenvíg og bauð henni stórmikið fé til þess.

Konan hét þessu og fór heim með kerlingu svo ekki varð vart við og fékk mikla peninga hjá sýslumanni fyrir að losa hann úr þessum vandræðum. Eftir það var kerling grafin og gerð útför hennar vegleg en þau Loftur og kona hans komust eftir þetta í mestu kærleika við sýslumann og unnust sjálf hugástum.



Nettímarit

Troðningur

Menning & List



Art work by / Verk eftir; GRL

ICELANDIC
ART MAGAZINE